



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 28/2017

Einingarverð og upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni boxid.is

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofu barst ábending frá neytenda vegna vefsíðunnar boxid.is. Laut ábendingin að því að einingarverð væri ekki alltaf tilgreint samhliða endanlegu verði. Í kjölfar ábendingarinnar var Boxinu verslun ehf. sent bréf, dags. 16. maí 2017, þar sem vakin var athygli á ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1. og 3. mgr. 3. gr., 5. gr., 6. og 7. gr. reglan nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Í bréfinu var einnig bent á að vefsíðan uppfyllti ekki öll skilyrði laga er gilda um upplýsingagjöf þjónustuveitanda skv. lögum nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Í því samhengi var vísað til þeirra upplýsinga sem þjónustuveitandi skal veita greiðan og samfelldan aðgang að um sig samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ekkert svar barst. Neytendastofa ítrekaði ósk um skýringar og athugasemdir með bréfi, dags. 30. júní 2017. Ekkert svar barst. Neytendastofa ítrekaði aftur ósk um skýringar og athugasemdir við erindið með bréfi, dags. 13. júlí 2017, sem var sent á nýtt lögheimili Boxins verslunar.

Svar barst með tölvubréfi, dags. 24. júlí 2017. Í bréfinu segir að fyrirtækið leggi metnað sinn í að merkja allar vörur eins og lög og reglur geri ráð fyrir. Allar vörur séu einingarmerktar og heyri það til undantekninga ef þær séu það ekki. Sé þá í öllum tilvikum um mannleg mistök að ræða og sjáist það greinilega, hvort sem vefsíðan hafi verið skoðuð þegar fyrra bréf hafi verið ritað, eða ef vefsíðan sé skoðuð nú, að allar vörur séu einingamerktar með þeim fyrirvara að inn á milli geti leynst vörur sem hafi gleymst vegna áður nefndra mannglegra mistaka. Hvað varði upplýsingar um þjónustuveitanda þá verði það komið inn á vefsíðuna eigi síðar en í lok dags 23. júlí 2017.



II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert athugasemdir við skort á einingarverði og upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðu Boxins verslunar ehf., boxid.is. Af hálfu Boxins verslunar hefur því verið haldið fram að einingaverð komi fram samhliða flestum vörum og um mistök sé að ræða ef það skorti á einstaka vöru. Þá ætlaði félagið að koma upplýsingum um þjónustuveitanda í rétt horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 3. gr. regnanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

[...]

Skylða til að verðmerkja með sölu- og einingarverði gildir einnig hvar sem vörur eru til sýnis svo sem í búðargluggum, sýningarkössum, á vefsíðum eða annars staðar. Sé söluverðs getið í auglýsingum þarf einnig að tiltaka einingarverð.“

Í 5. gr. regnanna er fjallað um það hvaða einingar skal nota þegar einingarverð er gefið upp. Þar segir m.a.:

*„Þegar gefið er upp einingarverð skal nota einhverja eftirtalda einingu:
krónur pr. kílógramm (kr./kg, kr./tonn),
krónur pr. lítra eða kúbikmetra (kr./l, kr./m³),
krónur pr. metra eða kílómetra (kr./m, kr./km),
krónur pr. fermetra (kr./m²),*



*krónur pr. stykki eða 100 stykki (kr./stk., kr./100 stk.) eða
krónur fyrir ráðlagðan skammt (kr./skammtur, kr./þvott, o.s.frv.)“*

Í 6. gr. reglnanna eru nánari upplýsingar um einingar fyrir ákveðnar sérvörur. Í 7. gr. reglnanna er að lokum fjallað um undanþágur frá skyldu til þess að tilgreina einingarverð.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, segir að þjónustuveitandi skuli veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.,,*

2.

Einingarverð er verð vöru miðað við ákveðna þyngdar- eða rúmmálseiningu, svo sem kíló, lítra eða metra. Einingarverði er ætlað að auðvelda neytendum að velja vörur og gera verðsamanburð. Meginreglan er sú að gefa á upp einingarverð á öllum vörum. Í 7. gr. reglna nr. 536/2011 er þó að finna nokkrar undantekningar frá reglunni. Við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni boxid.is þann 24. júlí 2017 kom í ljós að ekki hafi verið gerðar viðeigandi lagfæringar á vefsíðunni varðandi einingarverð. Vörur á vefsíðunni eru verðmerktar með endanlegu söluverði en í nánast öllum tilvikum skorti einingarverð samhliða því, þar sem skylda til að merkja vöru með einingarverði samkvæmt 3. og 5. gr. reglna nr. 536/2011, sbr. 17. gr. laga nr. 57/2005 á við.

Á vefsíðunni eru eftirfarandi upplýsingar veittar um rekstraraðila vefverslunarinnar: „BOXID.is er rekið af Boxið verslun ehf. kt. 530616-0450 með aðsetur í Reykjavík. Félagið er skráð í fyrirtækjaskrá Ríkisskattsjóra og í virðisaukaskrá með númerið 125396.“ Neytendastofa telur tilvísun til þess að félagið hafi aðsetur í Reykjavík ekki fela í sér fullnægjandi upplýsingar um heimilisfang. Það er því ljóst að á vefsíðuna skortir upplýsingar um heimilisfang Boxið verslunar ehf. eins og áskilið er í 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.



3.

Neytendastofa gerði fyrst athugasemdir við skort á upplýsingum um einingarverð og þjónustuveitanda með bréfi, dags. 16. maí 2017. Erindið var ítrekað þann 30. júní og 13. júlí 2017. Í erindinu var gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem skorti á vefsíðuna og þeim lögum og reglum sem gilda um verðmerkingar. Þrátt fyrir það þá var ekki bætt úr þessu og er upplýsingum enn ábótavant. Því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Boxins verslunar að koma upplýsingum um einingarverð og þjónustuveitanda á vefsíðunni boxid.is í rétt horf í samræmi við ofangreint.

Boxið verslun skal fara að fyrirmælum Neytendastofu um að koma upplýsingum um einingarverð og þjónustuveitanda í rétt horf. Verði það ekki gert innan tveggja vikna frá móttöku ákvörðunar þessarar skal Boxið verslun greiða dagsektir í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 30.000 kr. (þrjátíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga, umfangi brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum sambærilegum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Boxið verslun ehf., Hverfisgötu 18a, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 3. og 5. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, með því að tilgreina ekki einingarverð á söluvörum á vefsíðunni boxid.is. Einnig hefur fyrirtækið brotið gegn 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, með því að tilgreina ekki heimilisfang þjónustuveitanda.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Boxins verslunar ehf. að koma upplýsingum um einingarverð og þjónustuveitanda á vefsíðunni boxid.is í rétt horf.



Verði ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu innan tveggja vikna frá móttöku ákvörðunar þessarar skal Boxið verslun ehf. greiða dagsektir í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að fjárhæð 30.000 kr. (þrjátíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. “

Neytendastofa, 3. ágúst 2017

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir